

*Laugalandsskóli í Holtum*

*Sjálfsmatsskýrsla*

*Maí 2014*

*Samfella og sveigjanleiki*

*Samstarf Laugalandsskóla við Leikskólann á Laugalandi*

*og framhaldsskóla*

*Kristín Sigfúsdóttir*

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur.....</b>	<b>3</b>
<b>Samstarf Laugalandsskóla við Leikskólann á Laugalandi.....</b>	<b>5</b>
<b>Fastir þættir í samstarfi skólanna.....</b>	<b>5</b>
<b>Fimm ára heimsókn að vori.....</b>	<b>6</b>
<b>Samstarfsfundir.....</b>	<b>7</b>
<b>Laugalandsskóli og framhaldsskólinn.....</b>	<b>8</b>

## Inngangur

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum einkum þríþætt: „Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá[r]. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun“ (Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti, s. 26-27).

Mat á skólastarfi í grunnskóla er tvenns konar: Annars vegar er svokallað ytra mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila. Hins vegar er mat sem skólar annast sjálfir og hefur verið kallað innra mat eða sjálfsmat.

Innra mat á árangri og gæðum skólastarfs í hverjum skóla þarf að vera kerfisbundið. Hægt er að fara ýmsar leiðir við mat skóla á eigin starfi en mikilvægt er að kerfið sem unnið er með henti viðkomandi skóla. Hver skóli þróar eigin aðferðir með hliðsjón af sérstöðu skólans og þeim áherslum og markmiðum sem sett eru fram í skólanámskrá. Þær aðferðir sem notaðar eru við matið ráðast síðan af þeim viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni.

Á vefsvæði mennta- og menningarmálaráðuneytisins eru tilgreind viðmið sem ráðuneytið telur rétt að horfa til við innra mat eða sjálfsmat grunnskóla:

Slíkt mat skal vera altækt (þ.e. ná til allra þátta skólastarfsins); formlegt (þ.e. lýsing á aðferðum þarf að liggja fyrir í skriflegum gögnum frá skólanum); áreiðanlegt (þ.e. byggt á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum); samstarfsmiðað (þ.e. allir sem starfa við skólann þurfa að koma að matinu); umbótamiðað (áætlanir um umbætur byggðar á matinu þurfa að koma fram); stofnana- og einstaklingsmiðað (þ.e. taka bæði til skólans í heild og til þeirra sem þar vinna); lýsandi (þ.e. lýsa þarf starfsemi skólans í matsskýrslu); greinandi (þ.e. greina þarf styrkleika og veikleika í einstökum þáttum skólastarfsins); og opinbert (þ.e. matsskýrslu þarf að birta opinberlega).

(<http://www.menntamalaraduneyti.is/mat-og-uttekir/grunnskolar/nr/6226>)

Þessi viðmið eru jafnan höfð til hliðsjónar við innra mat á árangri og gæðum skólastarfs í Laugalandsskóla. Mismunandi aðferðir eru notaðar við matið. Spurningalistakannanir eru notaðar þar sem það á við s.s. við mat á líðan nemenda og starfsfólks sem er framkvæmt á hverju ári. Skólaárið 2012-2013 var gerð viðhorfskönnun og foreldrar/forráðamenn spurðir hvernig þeim finnst skólinn koma til móts við námsþarfir nemenda, almennt séð og í einstökum fögum. Auk þess var spurt um viðhorf foreldra/forráðamanna til styttingar skólaársins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar

Rangárþings ytra. Skólaárið 2011-2012 var upplýsingamiðlun frá skólanum og samstarf heimila og skóla metið með viðhorfskönnun sem lögð var fyrir fulltrúa í skólaráði, fræðsluráði og foreldrafélagi skólans annars vegar og foreldra/forráðamenn nemenda við skólann hins vegar.

Á þessu skólaári var gerð skýrsla sem ber heitið „Samfella skólastiga“ en hún fjallar um samstarf Laugalandsskóla við Leikskólann á Laugalandi og framhaldsskólana.

Þann 2. febrúar 2006, rituðu menntamálaráðherra og formaður Kennarasambands Íslands undir samkomulag um 10 skref til sóknar í skólamállum. Fyrsti liðurinn í því var svohljóðandi:

*1. Endurskoðun laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla hefst vorið 2006. Meginmarkmið endurskoðunarinnar er aukin samfella milli skólastiganna, sveigjanleiki milli og innan skólastiga og að mæta breytilegum þörfum ólíkra nemenda. Lokamarkmiðið er betri menntun og betri námsárangur nemenda.*

Árið 2008 tóku svo ný lög gildi fyrir öll skólastigin og er samfella og sveigjanleiki meðal þeirra nýjunga sem þar koma fram.

Stjórnendur og starfsfólk Laugalandsskóla hafa lagt sig fram um að eiga gott samstarf við leik- og framhaldsskóla. **Markmiðið er m.a. að fylgjast stöðugt með því sem er að gerast í þjóðfélaginu sem og að haga starfsemi skólans í takt við lög og reglur.**

Á þeim forsendum hefur verið unnið markvisst að því að skapa samfellu og sveigjanleika milli skólastiganna. **Gott samstarf er milli Laugalandsskóla og Leikskóla Laugalands annars vegar og Laugalandsskóla og framhaldsskólanna hins vegar og mun verða fjallað nánar um það [samstarf hér á eftir](#).**

## Samstarf Laugalandsskóla við Leikskólann á Laugalandi

Í Aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta 2011 segir um tengsl leikskóla og grunnskóla:

*Samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla ber sveitarfélögum að koma á samstarfi milli leik- og grunnskóla. Í skólanámskrám skal gera grein fyrir samstarfinu og hvernig standa skuli að aðlögun barna og færslu milli skólastiga. Skólaganga barna á að mynda samfellu þannig að reynsla og nám á fyrri skólastigum nýtist á þeim næstu. Þegar börn byrja í grunnskóla þarf að byggja á fyrri námi og reynslu þeirra úr leikskólanum. Sú hæfni, sem börnin öðluðust í leikskóla, verður því þannig sá grunnur sem námið í grunnskóla byggist á. Farsæll flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla felur einnig í sér undirbúning og aðlögun. Leikskólabörn þurfa að fá tækifæri til að kynnast væntanlegum grunnskóla á meðan þau eru enn í leikskóla og líta skal á fyrstu vikur grunnskólagöngunnar sem tímabil aðlögunar og undirbúnings.*

Grunnskólinn þarf einnig að huga að skólabyrjun barna sem ekki eru í leikskólum. Kynna þarf skólann fyrir þeim og foreldrum og forráðamönnum þeirra, útskýra hvers er að vænta, hvaða kröfur eru gerðar í upphafi skólagöngu og hvernig skólinn hyggst styðja við uppeldi og sinna námi og kennslu. Laugalandsskóli boðar foreldra og forráðamenn tilvonandi skólabarna í skólann vorið áður en skólagangan hefst og er fjallað nánar um það í kaflanum „5 ára heimsókn að vori“.

Undanfarin ár hefur Lauglandsskóli átt gott samstarf við Leikskólann á Laugalandi. Fastir þættir hafa verið inni um langt skeið og nýir hafa bæst við.

### Fastir þættir í samstarfi skólanna

- **Íþróttaskólinn**  
Nemendur leikskólans sækja íþróttaskóla með yngstu nemendum grunnskólans eina kennslustund á viku. Einnig hefur leikskólinn eina kennslustund í íþróttasal á viku.
- **Danskennsla**  
Nemendur í tveimur elstu árgöngum leikskólans sækja danskennslu í sama húsnæði og á sama tíma og grunnskólinn. Þeir sem ekki eru í leikskóla eru boðaðir símleidis.
- **Heimsóknir yfir skólaárið**  
Elsti árgangur leikskólans kemur í skólann einu sinni í viku allt skólaárið. Aðra hverja viku eru nemendur einn tíma með 1. bekk (stundum eru 2. og 3. bekkur einnig með) og hina vikuna fara þeir í dagskóla. Starfsmaður frá leikskóla fylgir börnunum í kennslustofu og er með þeim fyrstu skiptin.

- **Hefðir bundnar jólum**

- Börn og starfsfólk leik- og grunnskóla snæðir saman hátíðarmat fyrir jólin.
- Börnum leikskólans er boðið að horfa á generalprufu fyrir Litlu jól Laugalandsskóla.
- Börnum leikskólans er boðið að dansa í kringum jólatréð með foreldrum sínum eða starfsfólki leikskólans á jólaskemmtun Laugalandsskóla.

- **Annað**

- Börnum leikskólans er boðið að horfa á generalprufu fyrir Árshátíð Laugalandsskóla.
- Nemendur ynsta stigs Laugalandsskóla heimsækja leikskólann á degi íslenskrar tungu þar sem fram fer upplestur og söngur.
- Nemendur leikskólans taka reglulega þátt í samsöng á vegum Laugalandsskóla.
- Leikskólinn nýtir sér bókasafn skólans. Einu sinni í viku koma leikskólakennarar með börn úr leikskólanum og velja sér bækur á bókasafninu.
- Á Laugalandi er sameiginlegt mötuneyti leik- og grunnskóla og hittast nemendur beggja skóla því þar daglega.

Leikskólinn hefur stundum, þegar áhugi og geta er fyrir hendi, fengið lánaðar bækur frá grunnskólanum ásamt lestrarmiðum sem grunnskólakennararnir hafa útbúið fyrir heimilin svo að foreldrar geti kvittað fyrir í hvert skipti sem nemandinn les upphátt heima.

Laugalandsskóli og Leikskólinn á Laugalandi reyna eftir fremsta megni að samnýta starfsdaga m.t.t. námskeiða og fleiri þátta.

## **5 ára heimsókn að vori**

Þeir nemendur sem eiga að hefja skólagöngu að hausti koma í heimsókn í þrjá samliggjandi daga að vori. Þeir sem ekki eru í leikskóla eru boðaðir símleiðis. Starfsmaður leikskólans fylgir börnunum í skólann.

Fyrsta daginn koma börnin í heimsókn í eina kennslustund og eru með 1. og 2. bekk.

Annan daginn eru þau í tvo tíma.

Þriðja daginn eru þau í fjórar kennslustundir.

Síðasta daginn taka börnin þátt í frímínútum, nestistíma og hádegismat.

Með þessum hætti kynnast börnin verðandi bekkjarfélögum og því sem koma skal verðandi skólagöngu þeirra. Markmiðið með þessu er fyrst og fremst að gefa væntanlegum skólabörnum færi á að kynnast tilvonandi samnemendum sínum, kennaranum, kennslustofunni og að fá kennslu í undirstöðum íslensku og stærðfræði.

Foreldrar eru boðaðir í skólann á þriðja degi. Þá gefst þeim kostur á að ræða um komandi skólaár við umsjónarkennara og stjórnendur skólans sem og að skoða skólann. Þannig er grunnurinn að góðu samstarfi heimilis og skóla lagður.

### **Samstarfsfundir**

Í ágúst hittast á fundi aðstoðarskólastjóri, leikskólastjóri, umsjónarkennari elstu nemenda leikskólans og umsjónarkennari yngsta stigs grunnskólans. Þar er farið yfir gögn sem til eru um þá nemendur sem eru að hefja skólagöngu í fyrsta sinn og þau afhent grunnskólanum. Má þar nefna Hljóm II og MOT hreyfiþroskapróf.

Í lok skólaársins hittast skólastjórnendur beggja skólanna og fara yfir liðið skólaár.

Með þessu móti er verið að efla tengsl milli leikskólakennara sem hefur umsjón með elstu börnunum í leikskóla og grunnskólakennara sem tekur við börnunum í fyrsta bekk grunnskóla.

Eins og sjá má hér að ofan er mikil áhersla lög á samfellu og sveigjanleika milli Laugalandsskóla og Leikskólans á Laugalandi og hafa viðbrögð samfélagsins verið mjög jákvæð um leið og þessi góða samvinna styrkir og eflir skólana báða.

Leik- og grunnskólinn á Laugalandi búa svo vel að vera í sama húsnæðinu. Bæði börn og starfsfólk hittast daglega og er það mikill kostur þegar kemur að góðu samstarfi.

## Laugalandsskóli og framhaldsskólinn

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 26. grein segir meðal annars: ... *Grunnskólanemendur eiga rétt á að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru í grunnskóla enda hafi þeir sýnt fullnægjandi færni. Skólastjóri í grunnskóla veitir nemanda heimild til slíks náms utan skólans samkvæmt viðmiðum sem sett skulu í aðalnámskrá.*

Í Laugalandsskóla ákveður skólastjóri í samráði við umsjónar- og fagkennara hvort ástæða þyki til að nemandi fái heimild til að stunda nám utan skólans. Til þess þarf nemandi að hafa lokið námsefni 10. bekkjar með framúrskarandi hætti.

Einnig segir í Aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta 2011 um tengsl grunnskóla og framhaldsskóla:

*Grunnskólinn er ábyrgur fyrir því að um réttmætt og áreiðanlegt mat sé að ræða og að veita nemendum, foreldrum og framhaldsskólum sem besta leiðsögn um nám í framhaldsskóla. Námið er á ábyrgð grunnskólans og vitnisburður um það því birtur á vitnisburðarblaði nemandans við lok grunnskóla. Nám á framhaldsskólastigi er skilgreint á hæfniprep. Framhaldsskóli sem í hlut á staðfestir að námið uppfylli þau skilyrði sem skólinn setur og fer um mat á náminu samkvæmt því. Ef grunnskólanemandi stundar nám í framhaldsskóla, sem skilgreint er sem hluti náms í grunnskóla, þá fer um kostnað vegna kennslu á framhaldsskólastigi eftir ákvæðum laga um grunn- og framhaldsskóla. Um nánari framkvæmd og fyrirkomulag skal samið milli hlutaðeigandi grunn- og framhaldsskóla.*

Á sama hátt og Laugalandsskóli hefur eflt samfellu og sveigjanleika milli sín og Leikskólans á Laugalandi hefur svo einnig verið með framhaldsskólana. Nemendur 8. – 10. bekkjar geta valið um nokkrar valgreinar í skólanum og eru þær misjafnar eftir áhuga nemenda hverju sinni. Það hefur verið stefna skólans að bjóða upp á valáfanga þar sem nemendur geta mögulega tekið stöðupróf í framhaldsskóla. Hvað varðar grunnfög þá hefur nemendum Laugalandsskóla staðið til boða að stunda fjarnám í framhaldsskóla og þannig unnið sér inn nokkrar einingar.

Það hefur verið markmið stjórnenda í Laugalandsskóla að vera sem minnst að flýta nemendum, leyfa þeim heldur að taka aukalega áfanga í framhaldsskóla og vera þannig áfram með sínum grunnskólakennurum og bekkjarfélögum í grunnskólanum.



Laugalandsskóli boðar fulltrúa Fjölbautarskóla Suðurlands og Menntaskólans á Laugarvatni á kynningarfund reglulega fyrir nemendur í 9. og 10. bekk og foreldra/forráðamenn þeirra og hefur það mælt vel fyrir.

Eins og áður hefur komið fram hafa stjórnendur og starfsfólk Laugalandsskóla lagt sig fram um að eiga sem best samstarf við leik- og framhaldsskóla. Grunnskólinn er mikilvægur hlekkur í þessari skólakeðju og er því afar mikilvægt að þessar þrjár stofnanir vinni sem best saman með velferð allra skólabarna að leiðarljósi.